

Víðir Haraldsson
Ólafsbraut 66
355 Ólafsvík
vidirh81@gmail.com



UMHVERFISSTOFNUN

Snæfellsbær 18. apríl 2016
UST201511-094/B.R.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Víðis Haraldssonar, dags. 12. nóvember 2015, vegna umsóknar um leyfi fyrir atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Sótt er um leyfi til að fara með hjólabát eða bílabát upp í fjöru á Djúpalónssandi.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Umhverfissráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum. Ferðapjónusta innan þjóðgarðsins skal skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku, sbr. 17. gr. reglugerðar um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist sbr. 3. mgr. 47. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Lýsing

Sótt er um leyfi til að fara með hjólabát eða bílabát upp í fjöru á Djúpalónssandi. Umsækjandi hyggst koma með ferðamenn sjóleiðina að Djúpalónssandi. Hjóla- eða bílabát yrði keyrt eða siglt upp í fjöruna á Djúpalónssandi. Hjólför munu sjást í sandinum í föruborðnu en umsækjandi segir að sjór, veður og vindar munu slétta það reglulega.

Áhrifamat

Þjóðgarðar eru stofnaðir til að varðveita sérstætt landslag, lífríki og menningarminjar og veita almenningi upplýsingar um landsvæðið og aðgang að því eftir tilteknum reglum. Sérstaða þjóðgarðsins felst í að jökullinn sjálfur, Snæfellsjökull, er innan hans en einnig í fjölbreytilegum jarðmyndunum, nálægð við sjóinn og merkjum sögulegum minjum tengdum arabátaútgerð. Í verndaráætlun þjóðgarðsins segir m.a að landslag þjóðgarðsins hafi mikið verndargildi á alþjóðavísu enda einkennist það og sé mótað af fjölbreyttum jarðmyndunum og eldvirkni. Markmið þjóðgarðsins eru m.a að náttúran innan hans fái að þróast eftir eigin lögmálum og sem mest án inngripa mannsins og að tryggja verndun lífríkis og fjölbreytni fjörunnar innan hans en þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er eini þjóðgarðurinn hér á landi sem nær í sjó fram.

Mikilvægt er að sú starfsemi sem leyfð er í þjóðgarðinum skerði hvorki verndargildi hans né ímynd. Gera þarf ráðstafanir svo að ekki verði reynt á þolmörk þjóðgarðsins og skal ferðapjónusta innan hans skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku.

Almenningur sem sækir þjóðgarðinn heim er að leita að náttúruupplifun, að njóta umhverfisins í sinni hreinustu mynd. Umhverfisstofnun telur að truflun svo sem vélknúin farartæki í fjöruborði þessa fjölsóttu ferðamannastaðar sé til þess fallin að skerða þá upplifun.

Ráðgjafarefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls kom saman þann 17. mars 2016 og fundaði um stöðu ferðapjónustu innan þjóðgarðsins. Nefndarmenn voru allir sammála að marka þurfi skýra stefnu um atvinnustarfsemi innan hans í samræmi við reglugerð sem gildir um þjóðgarðinn. Vinna við stefnumörkun er ekki lokið en á fundi ráðgjafarnefndar kom fram að til að hægt væri að heimila atvinnustarfsemi innan svæðisina þá þyrftu innviðir hans að geta borið þá aukningu sem ný þjónusta leiði af sér.

Samkvæmt framansögðu telur Umhverfisstofnun að fyrirhuguð starfsemi samræmist ekki markmiðum þjóðgarðsins, muni skerða hughrif gesta á svæðinu með hugsanlegum hávaða, sjón og lyktarmengun og hættu á náttúruspjöllum.

Akstur utan vega

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 568/2001. Umhverfisstofnun getur í ákveðnum tilvikum veitt undanþágur frá banni við utanvegaakstri skv. náttúruverndarlögun nr. 60/2013. Þrátt fyrir það ganga sérreglur um takmörkun akstri utan vega í auglýsingum um friðlýsingu svæðis eða í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæði framar undanþágum frá banni við akstri utan vega samkvæmt 1. og 2. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og því getur Umhverfisstofnun ekki veitt leyfi til utanvegaaksturs á grundvelli náttúruverndarlaganna innan þjóðgarðsins. Umhverfisiráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 568/2001 að fenginni umsögn náttúruvernd, sbr. 23. gr. reglugerðarinnar.


Niðurstaða

Með vísan til þess sem að framan segir veitir Umhverfisstofnun ekki leyfi fyrir aðkomu hjólabáta í Djúpalónsfjöru.


Kæruheimild

Umhverfisstofnun, með vísun í 91. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, bendir á að heimilt er að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kæra skal borin fram innan mánaðar frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina sbr. lög 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllst



Birna Heide Reynisdóttir
Sérfræðingur



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri